

Erindi til markaðs- og kynningarfulltrúa, atvinnu- og menningarmálanefndar sem og sveitastjórnar Rangárþings ytra.

Í kjölfar íbúafundar í Landsveit í júní s.l. var myndað Aðgerðaráð Landmanna. Við sem myndum Aðgerðaráðið óskum Landmanna óskum eftir fundi með atvinnu- og menningarmálanefnd sem og markaðs- og kynningarfulltrúar Rangárþings ytra þar sem við hefðum áhuga á að fara yfir þær hugmyndir sem reifaðar eru hér fyrir neðan.

Í sveitarfélaginu okkar eru margar náttúruperlur sem hægt er að benda ferðamönnum á að skoða. Einn af þessum stöðum eru Fossabrekkur, vin í eyðimörkinni, dýrðlegur staður þar sem hægt er að gleyma sér í fegurð árinna og umhverfisins. Erlendir ferðamenn eru frá sér numdir af þessum stað og gaman væri að geta hleypt sem flestum þangað. En til þess þurfa að eiga sér stað úrbætur. Úrbætur sem kæmu í veg fyrir að svæðið skemmist, sem gerðu það að verkum að Fossabrekkur þyldu töluvert fleiri fjölda ferðamanna og yrðu að sama skapi aðlaðandi ferðamannastaður sem gæti hugsanlega hjálpað til við að fá ferðamanninn til að eyða annarri nótt í sveitarfélaginu okkar. Fyrir utan þá augljóst staðreynd að kannski myndum við heimamenn fara að njóta staðarins betur.

Önnur perla sem nefna má í samhengi með Fossabrekkunum, enda þeim náskyld, eru upptök Rangár. Það er stórkostlegt að sjá þessa risastóru á birtast eins og fyrir töfra undan hrauninu. Að upptökum Rangár er ekki hægt að segja að aðgengi sé til staðar. Skemmtilegt væri að opna fyrir aðgengi að upptökunum og hver veit nema að í framhaldi væri hægt að tengja saman þessa flottu staði með merktri gönguleið. Umhverfið þarna er náttúrulega engu líkt.

Hópurinn okkar sem telur 5 manns, er samhentur og áhugasamur um hagsmuni Landsveitar og vill gjarnan hraða mikilvægum málum er lúta að framförum á ýmsum sviðum samfélags okkar. Okkur þætti vænt um að fá fund með ykkur, þar sem við skýrum frekar tilgang okkar og hvernig við getum hjálpað.

Fyrir hönd Aðgerðarráðs Landmanna
Jóhanna Hlöðversdóttir
s. 847 5015